

Setberg

Athugasemdir

Eftirfarandi upplýsingar skráði Sigríður Jóhannsdóttir eftir Nóa Jónssyni 7. maí 1981, en vannst ekki tími til að bera þær undir hann til staðfestingar.

Í Setbergslandi, við túnskiptin milli Setbergs og Garðshorns, þar að norðanverðunni, var svolítill halli fram á klettabakkana. Þar hafði kirkjufólk alltaf fataskipti. Klettabakkarnir fyrir neðan hallann voru 15-20 m háir.

Sr. Björn Halldórsson frá Sauðlauksdal gerði kálgarð fyrir framan (vestan) bæjarhúsin á Setbergi árið 1781. Stóð þessi kálgarður allt til 1955, en var þá sléttaður út vegna vegagerðar.

Rétt fyrir norðan kálgarðinn var hestasteinn með stórum koparhring (var þar í tíð sr. Björns Halldórssonar og eflaust löngu fyrr). Hann er nú kominn í veginn líka og er þar á tveggja metra dýpi.

Alfífulaut (26) nefndi Nói **Alfífulág** (29) og sagði, að botninn á henni hefði verið gróinn, en væri ekki lengur.

Örnefnastofnun, 16. júlí 1981.

Sigríður Jóhannsdóttir.